

## Reglur Sveitarfélagsins Hornafjarðar um námsstyrk fyrir starfsfólk leikskóla

### 1. gr.

Meginmarkmiðið með reglum þessum er að fjölga leikskólakennurum í leikskólum sveitarfélagsins í samræmi við ákvæði 14. gr. laga um menntun, hæfi og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leiksskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019, um að a.m.k. 2/3 stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í leikskólum séu mönnum leikskólakennurum. Annað markmið með þessum reglum er að efla allt faglegt starf í leikskóla með því að styðja einnig við annað nám sem nýtist í leikskóla.

Hvatt er til þess að starfsfólk í 100% starfi, samhliða námi, minnki við sig starfshlutfall til að draga úr álagi. Bent er á að tekin hefur verið upp full stytting vinnuvikunnar í leikskólanum þannig að fólk á 4 klst. á viku í styttingu sem getur nýst fólk vel sem er í námi.

### 2. gr.

Reglur þessar ná til starfsmanna leikskóla sem;

- Stunda nám eða eru að hefja nám á háskólastigi í leikskólakennarafræðum til diplómu eða B.Ed. gráðu. Reglurnar geta einnig náð til þeirra sem stunda annað nám sem nýtist á leikskóla.
- Eru nú þegar með BA, BS eða B.Ed. próf og stunda eða eru að hefja meistaranám; M.Ed eða MT í menntunarfræði leikskóla.
- Reglurnar gilda um nemendur í fjarnámi.

Með námsstyrk er átt við:

- Aðgang að vinnuherbergi í leikskólanum með aðgangi að tölvum, prentara og ljósritunarvél eftir að vinnudegi lýkur og um helgar.
- Að starfsmenn geti sótt um styrk að hámarki kr.50.000- á önn upp í skólagjöld, bóka- og ferðakostnað með framvísun kvittana fyrir kostnaði. Miðað skal við að nemandi ljúki 30 ECTS einingum á önn, að lágmarki 20 ECTS einingum til að fá styrkinn.
- Að greidd séu dagvinnulaun í náms- og þjálfunarlotum.
- Að á lokaári meistaranáms fái nemar fjögurra vikna leyfi á launum til að ljúka verkefnaskilum, rannsókn og ritgerðarskrifum.

### 3. gr.

Eftirfarandi skilyrði eru sett fyrir námsstyrk

- Umsækjandi skal eiga lögheimili í Sveitarfélaginu Hornafirði.
- Umsækjandi sé í a.m.k. 50% starfshlutfalli í leikskóla í sveitarfélaginu.
- Umsækjandi skuldbindi sig til að starfa í leikskólum sveitarfélagsins í 24 mánuði eftir útskrift.

- Ekki er hægt að njóta þessara kjara lengur en sem nemur tíu námsönnum enda sé námsframvinda og árangur með eðlilegum hætti (miðað er við að lágmarki 60 eininga ECTS nám á ári). Að jafnaði skal miðað við að starfsmaður ljúki ekki færri en 10 ECTS einingum á hverri námsönn.
- Sveitarfélagið áskilur sér rétt til að hafna umsóknum um námsstyrk á forsendum stuttrar starfsreynslu, ófullnægjandi námsframvindu og/eða umsagna leikskólastjóra.

#### 4. gr.

Umsókn um námsstyrk vegna náms sem hefst að hausti skal skila til fræðslustjóra fyrir 1. júlí en fyrir 1. nóvember vegna náms sem hefst í upphafi árs. Fræðslustjóri og mannauðsstjóri fara yfir og meta umsóknir og eru þær afgreiddar tvisvar á ári, í ágúst og desember.

Í umsókn skulu koma fram greinargóðar upplýsingar um viðkomandi nám og námstíma. Umsögn viðkomandi leikskólastjóra skal fylgja umsókn.

#### 5. gr.

Leikskólastjóri skipuleggur vinnutíma og vinnutilhögun starfsmanns vegna námsins. Námsframvinda og árangur skal vera með eðlilegum hætti og upplýsingar um námsframvindu skal komið til leikskólastjóra í lok hverrar annar.

*Samþykkt í bæjarráði 20. mars 2024*

*Sigurjón Andrésson*

*bæjarstjóri*

## **Viðauki**

### **Aðgerðir til að hvetja leikskólakennara með búsetu utan Hornafjarðar til að ráða sig í leikskólana á Hornafirði.**

- Sveitarfélagið aðstoðar við að finna húsnæði á almennum markaði.
- Sveitarfélagið greiðir fyrir flutning búslóðar fjölskyldu til Hornafjarðar (allt að 20 feta gám).